
Framkvæmdarannsókn á Framnesvegi

Á milli Sólavallagötu og Hringbrautar



JÓHANNA VALGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

MEÐ VIÐAUKA EFTIR MAGNÚS Á. SIGURGEIRSSON

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1023-24061



Forsíðumyndin er af framkvæmdasvæðinu við gatnamót Framnesvegjar og Sólvallagötu. Myndin var tekin á meðan á framkvæmdum stóð og er horft er í NNV. Ljósmynd: Jóbanna Valgerður Guðmundsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2025

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Saga og fyrri rannsóknir.....	7
Aðferðafræði	9
Vöktun og rannsókn.....	10
Snið 1	10
Snið 2	13
Snið 3	14
Snið 4	16
Snið 5	17
Niðurstöður	19
Heimildir	21
Viðaukar.....	22
1. Einingaskrá	22
2. Ljósmyndaskrá.....	25
3. Sýnaskrá.....	36
4. Gjóskulagagreining (Magnús Á. Sigurgeirsson).....	37

Myndaskrá

Mynd 1: Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu (sýnt í ljósrauðu) auk sniðteikninga	10
Mynd 2: Á myndinni sjást mógrafirnar til hægri í sniði 1. Horft í vestur.....	12
Mynd 3: Snið 2: Mógrafir í suðurenda sniðs við Sólvallagötu, horft í austur	13
Mynd 4: Snið 3, mógrafir. Horft í suðaustur	15
Mynd 5: Snið 4, mógrafir. Horft í suður	16
Mynd 6: Snið 5 í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar.....	18
Mynd 7. Kort frá Ohlesn og Aanum frá 1801 lagt yfir nútíma götukort	19

Teikningaskrá

Teikning 1: Snið 1	12
Teikning 2: Snið 2	14
Teikning 3: Snið 3	15
Teikning 4: Snið 4	17
Teikning 5: Snið 5.....	18

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202403-0067.

Þjóðminjasafnsnúmer: 2024-07.

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: Anna Lía Guðmundsdóttir. 2014. *Fornleifaskráning Stórasels*. Skýrsla nr. 169, Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Stutt lýsing rannsóknar: Framkvæmdvakt vegna lagnaframkvæmda á Framnesvegi, milli Sólvallagötu og Hringbrautar.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn.

Staðsetning: Framnesvegur, 101 Reykjavík.

GPS hnit: ISN93: 356097, 408615.

Rannsóknartími: 14. mars - 14. ágúst 2024.

Leyfishafi: Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir.

Fjöldi starfsmanna: 5.



Útdráttur

Á sumarmánuðum 2024 fór fram fornleifaeftirlit vegna framkvæmda Veitna á Framnesvegi austan Hringbrautar. Öll gröfuvinnu var vöktuð af fornleifafræðingum. Óraskaður jarðvegur kom í ljós í sniðum á tveimur stöðum innan framkvæmdasvæðisins, annars vegar á gatnamótum Sólvallagötu og Framnesvegar og hins vegar rétt austan gatnamót Hringbrautar og Framnesvegar. Á báðum svæðum komu í ljós kolagrafir sem skráðar voru í með sniðtekningum.

Lykilorð: Framkvæmdaefirlit, Reykjavík, Framnesvegur, Stórasel, mógrafir, 18. öld, Miðaldalagið.

Abstract

During the summer months of 2024 a watching brief was carried out due to utility work by Veitur in Framnesvegur east of Hringbraut. All earth removal was monitored by archaeologists. Undisturbed archaeological soils were exposed in sections in two locations: the junction of Sólvallagata and Framnesvegur, and just east of the junction between Framnesvegur and Hringbraut. In both instances the remains of peat cutting were revealed and recorded with section drawings

Keywords: Watching brief, Reykjavík, Framnesvegur, Stórasel, peat cutting, 18th Century, Miðaldalagið.

Inngangur

Sumarið 2024 réðust Veitur ohf. í framkvæmdir á Framnesvegi. Framkvæmdirnar náðu gatnamótum Sólvallagötu og Framnesvegar, vestur að gatnamótum Framnesvegar og Hringbrautar. Ástæða framkvæmda var endurnýjun lagna á svæðinu.

Minjastofnun Íslands fór fram á að framkvæmdirnar yrðu vaktaðar af fornleifafræðingi enda eru ýmsar þekktar minjar í nágrenni þeirra.¹ Fornleifastofnun Íslands tók verkið að sér og höfðu fornleifafræðingar stofnunarinnar eftirlit með allri gröfuvinnu sem var unnin á tímabilinu 14. mars til 14. ágúst 2024 (sjá mynd 1). Þegar mannvistarleifar komu í ljós var Minjastofnun Íslands tilkynnt um þær og verklag við rannsóknir í framhaldinu skipulagt í samráði við stofnunina og verkkaupa. Í öllum tilfellum þar sem mannvist kom í ljós voru snið hreinsuð, teiknuð og ljósmyndum og þau skráð, en ekki reyndist þörf á eiginlegum uppgrefti í fleti enda hafði svæðinu talvert verið raskað áður og mannvistarleifarnar að stærstu leyti aðeins greinilegar í sniðum.

Fjölmarginir starfsmenn stofnunarinnar sinntu framkvæmdavakt, en rannsóknnum á fornleifum sinntu Brynja Árnadóttir, Hildur Gestsdóttir, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir (leyfishafi), Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson. Jóhanna sá um úrvinnslu og ritun skýrslu undir leiðsögn Hildar Gestsdóttur. Magnús Sigurgeirsson greindi gjóskulög sem komu í ljós í sniði á svæðinu (sjá viðauka 4). Veitur greiddu fyrir alla þætti rannsóknarinnar.

Saga og fyrri rannsóknir

Rannsóknarsvæðið sumarið 2024 fylgdi framkvæmdasvæði Veitna og náði frá gatnamótum Framnesvegar og Sólvallagötu að gatnamótum sömu götu og Hringbrautar (sjá mynd 1).

Framkvæmdasvæðið var aðeins steinsnar frá bænum Stóra-Seli og hefur áður verið innan landamerkjara jarðarinnar. Elstu heimildir um Sel ná aftur til 1367 en líklegt er að búseta hafi hafist fyrir þann tíma. Nafn jarðarinnar bendir til að svæðið hafi upprunalega verið selstaða frá Vík.²

¹ MÍ202302-0115/ 6.10

² Páll Línal. 1988. 3. bindi. Bls. 38-39

Getið er um Selsjörðina í ýmsum fornum heimildum.

Í Hítardalsbók stendur:

„Jonskirkia postula j vijk a landid ad sele. xij kyr.“³

Aftur er minnst á Sel í máldaga frá árinu 1379 þar stendur:

„Jonskirkia j vik æ land alltt at seli.“⁴

Í máldaga frá árinu 1397 stendur:

„Jons kirkia postula j Wijk a lanndit ad Seli.“⁵

Textinn er áþekkur í öllum þessum heimildum, og sýnir að jörðin Sel var á tímabilinu í eigu Víkurkirkju.

Almennt má segja að ritaðar heimildir um jörðina Sel séu heldur fátæklegar og er hennar oftast getið í máldögum í upptalningu á eignum Víkurkirkju. Í skoðun Brynjólfs biskups Sveinssonar á Víkurkirkju og eignum hennar frá árinu 1642 kemur fram að Sel er þá enn eign kirkjunnar og er metin á 10 hdr.⁶ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 er jarðardýrleiki sagður óviss, eigandi er enn kirkjan í Reykjavík, en ábúandi Ólafur Benediktsson. Landskuld var þá tvær álnir sem var greitt með fimm vættum fiska til bóndans í Vík og varð ábúandi einnig að leggja til við til húsabótar en rekavon var talin nokkur og hefur ábúandi því getað aflað viðar til viðhaldsins.⁷ Árið 1787 fær Reykjavík kaupstaðaréttindi. Í tilefni af því þurfti að skilgreina land kaupstaðarins. Fyrsta útmæling kaupstaðarlandsins var framkvæmd árið 1787 og fylgir henni stutt lýsing á Seli sem þá er enn metin á 10 hdr. Jörðin á merki við Hlíðarhús að austanverðu en að vestanverðu við Eyði og eru grjótgardar sagðir á merkjum á báðum stöðum.⁸

Séra Brynjólfur Sivertsson bjó á jörðinni í upphafi 19. aldar. Þórir Stephensen telur að Brynjólfur hafi fengið jörðina til ábúðar strax þegar hann fékk konungsveitingu fyrir brauðinu árið 1798.⁹ Til þess bendir kort frá árinu 1801 þar sem Sel er merkt „Sæls Præstegaard“.¹⁰ Það var hins vegar ekki

³ DI III. Bls. 220

⁴ DI III. Bls. 340

⁵ DI IV Bls. 109

⁶ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 63

⁷ Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1923-1924. 3. bindi. Bls. 252-253

⁸ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 132-133.

⁹ Þórir Stephensen. 1996. 2. bindi. Bls. 265.

¹⁰ Þó er mögulegt að umræddum upplýsingum um prestsetrið hafi einfaldlega verið bætt inn á kortið síðar sbr. Anna Lísu Guðmundsdóttir. 2014. Bls. 2.

fyrir en 1809 að ákveðið var með konungsúrskurði að prestsetur skyldi vera á Seli. Séra Brynjólfur bjó í Seli fram til 1814.¹¹

Samkvæmt fornleifaskráningu sem gerð var á svæðinu árið 2014 af Borgarsögusafni, eru sjö fornleifar á og við bæjarhól Sels en síðasti bærinn á jörðinni, var steinbær sem byggður var árunum 1884-1893 stendur enn á lóðinni Holtsgötu 41b.¹²

Árið 2015 fóru fram miklar endurbætur á steinbænum í Stóraseli sem var þá orðinn mjög illa farinn og var m.a. ráðist í að lækka gólflöt hússins. Í tengslum við framkvæmdirnar fór fram fornleifarannsókn, bæði innan og utan húss. Minjavernd hf sá um endurbætur á steinbænum en Fornleifastofnun Íslands vann fornleifarannsóknir í tengslum við þær.¹³ Við rannsóknirnar kom í ljós að steinbærinn var á sama stað og prestbústaðurinn frá 18.-19. öld. Komið var niður á mannvirki sem tilheyrðu eldri bústað en minjarnar voru mikið raskaðar og eingöngu brot af þeim rannsakað. Gerðfræðigreining gripa sem fundust við rannsóknina bendir til tímabilsins frá fyrri hluta 19. aldar fram til miðrar 20. aldar og voru það einkum brot af leirkerjum, gleri, steinkol og járngrípum sem hægt var að greina. Ekki fundust nein ummerki um eldri byggð (miðaldabyggð) við rannsóknina en hugsanlegt er að eldri minjar liggja undir 18. aldar minjum að austanverðu.¹⁴

Aftur kom til framkvæmda innan landamerkjja gömlu Selsjarðarinnar í maí 2022 og fór Minjastofnun fram á eftirlit yrði haft með þeim. Fornleifastofnun Íslands vaktaði framkvæmdirnar sem voru Framnesvegi, vestan Hringbrautar. Engar minjar fundust hins vegar í framkvæmdunum enda kom í ljós að búið var að jarðvegsskipta alls staðar þar sem grafið var. Einungis var grafið upp úr eldri lagnaskurðum, og hvergi sást í óraskaðan jarðveg, hvorki í botni né sniðum þeirra skurða sem grafnir voru.¹⁵

Aðferðafræði

Gröftur á svæðinu var gerður með vélgröfu undir eftirliti fornleifafræðings, og einungis stoppað þegar minjar komu í ljós. Þar sem engin mannvist kom fannst var grafið niður á forsöguleg jarðlög. Öll snið voru hreinsuð með handverkfærum og jarðlög í þeim skráð með uppmælingum,

¹¹ Klemens Jónsson. 1929. Bls. 178.

¹² Anna Lís Guðmundsdóttir. 2014.

¹³ Lísabet Guðmundsdóttir og Nikola Trbojević, 2016; Lísabet Guðmundsdóttir 2017.

¹⁴ Lísabet Guðmundsdóttir og Nikola Trbojević, 2016.

¹⁵ Hildur Gestsdóttir, 2022

sniðteikningum, ljósmyndum og textalýsingum. Skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (*e. single context recording*), sem lýst er m.a. í uppgraftrarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹⁶

Vöktun og rannsókn

Mannvist fannst í sniðum á nokkrum stöðum innan framkvæmdasvæðisins sen var í öllum tilfellum skráð með sniðteikningum, alls voru fimm snið. Sniðin voru flest á gatnamótum Framnesvegur, snið 1-4 en snið 5 var við gatnamót Framnesvegur og Hringbrautar (sjá mynd 1).



Mynd 1: Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu (sýnt í ljósrauðu) auk sniðteikninga (kortagerð Elin Ósk Hreiðarsdóttir).

Snið 1

Snið 1 var við norðvesturhorn Sólvalldagötu og Framnesvegur. Sniðið var um 5 m langt og 2,5 m á hæð. Það var markað af nútíma lagnaskurðum og sneri nánast norður-suður (sjá mynd 2 og

¹⁶ Lucas 2003.

teikningu 1). Vegna aðstæðna á svæðinu var sniðið ekki lóðrétt, því hallaði um 30° til vesturs. Þar sem vitað var um lagnir á þessu svæði var svo metið að ekki væri hægt að rétta það af án þess að eiga á hættu að skemma hluta af mannvistarlögum.

Ofan á ísaldaleir neðst í sniðinu [120] voru dökk lífræn mólög [118] og [119], sem samanlagt voru allt að 1 m á þykkt. Í þeim mátti sjá töluvert að varðveittum greinum og öðrum gróðri. Ofan í mólögin höfðu verið grafnar tvær reglulegar gryfjur, mógrafir, með lóðréttum bökkum og flötum botni [114] og [116]. Gryfjurnar voru mest 0,5 m á dýpt. Sú syðri, [116] var um 2 m á breidd, en lítið hafði varðveist af þeirri nyrðri [114] þar sem hún var skorin af nútíma lagnaskurði sem afmarkaði sniðið til norðurs. Á milli gryfjanna tveggja var 0,1 m breiður bálkur. Fyllingin í mógröf [116] var blandaður uppmokstur [115]. Í gröf [114] voru tvær fyllingar, sú neðri blandaður uppmokstur [113] en sú efri torfhnausar [112]. Í þeim mátti sjá Miðaldalagið úr Reykjaneseldum, sem tímasett er til fyrri hluta 13. aldar.¹⁷ Bendir þetta til þess að þegar mótöku var lokið hafi jarðvegi og torfum sem tekin voru ofan af gröfunum verið rutt aftur ofan í gryfjurnar. Yfir mógröfunum voru nokkur áfokslög, [105], [106] og [108]. Sum þeirra voru með kolaögnum sem bentu til mannvistar. Á einhverjum tímamarki hefur verið grafin gryfja [110], 1,5 m breið með rúnuðum botni, ofan í fyllingu [115]. Þar sem sniðið var ekki lóðrétt var ekki hægt að sjá frá hvaða yfirborði þessi gryfja var grafin, og engar vísbendingar fundust um hlutverk hennar. Gryfja [110] var fyllt með blönduðum uppmokstri [109]. Ofan á áfokslögum [105] voru 20. aldar mannvistarlög, röskuð mannvistarlög [102], gamlir lagnaskurðir [103, 107, 110] og malaryfirborð undir malbiki [101].

Í sniði 1 fundust tvær mógrafir. Ekki reyndist unnt að aldursgreina grafirnar nákvæmar en að þær hafa verið teknar einhvern tíma eftir að svonefnd miðaldagjóska féll á seinni hluta 13. aldar.¹⁸

¹⁷ Sjá viðauka 4 hér fyrir neðan.

¹⁸ Sjá viðauka 4.




Mynd 2: Á myndinni sjást mógrafirnar til hægri í sniði 1. Horft í vestur. Ljósmynd Brynja Árnadóttir.

Framnesvegur 2024-07

Snið 1 - suðvestursnið

1:10

HG/JVG



Teikning 1: Snið 1 (kortagerð Jóhanna V. Guðmundsdóttir).

Snið 2

Snið 2 var á norðausturhorni Sólvallagötu og Framnesvegar, í bakkanum austan við snið 1. Sniðið var um 4 m á breidd og 2 m á hæð og sneri norður-suður (sjá mynd 3 og teikningu 2).


Neðst í sniðinu var forsögulegur, óhreyfður jökulruðningur en ofan hans var náttúrulegur mór [211], sami gamli mýrarjarðvegurinn og sást í sniði 1. Þrennar mógrafir sáust grafnar inn í móinn í sniðinu [205], [208], [210]. Fyllingar í mógröfunum, [203], [204], [206] og [207], einkenndust af uppmokstri þ.e. hreyfðum jarðvegi með torfunum sem skornar höfðu verið ofan af gröfunum, fokmold og uppblæstri. Ofan við mógrafirnar var jarðvegsuppsöfnun, millibrún, leirkennd og þétt mold með torfsneplum [202] og allra efst í sniðinu var nútíma lagnaskurður [201] með tilheyrandi mól þ.e. yfirborðslag undir malbiki.

Í sniði 2 voru engin sjáanleg gjóskulög en gera má ráð fyrir, út frá dýpt og staðsetningu mógrafanna, að þær séu samtíða og gröfunum sem sjást í sniði 1. Snið 2 var nyðri hluti sniðs sem náði lengra suður með uppgriftarsvæðinu (sjá snið 3) en sniðin tvö voru aðskilin af skurði (sjá líka snið 4) og því skráð í tvennu lagi.



Mynd 3: Snið 2: Mógrafir í suðurenda sniðs við Sólvallagötu, horft í austur. Ljósmynd Stefán Ólafsson.

Framnesvegur 2024-07
 Snið 2 - norðaustursnið
 Framnesvegur-Sólvallagata
 1:10
 HG/SÓ



Teikning 2: Snið 2 (kortagerð Jóhanna V. Guðmundsdóttir).


Snið 3

Snið 3 var um 5 m á lengd og 2 m á hæð. Það sneri norður-suður. Eins og kemur fram að ofan, þá var snið 3 framhald af sniði 2 en það var um 2 m í sunnar (sjá mynd 4 og teikningu 3). Neðst í skurðinum var jökulruðningur en ofan hans var náttúrulegur mýrarjarðvegur [309]=[310]=[311] og ofan í hann voru skornar nokkrar þrjár mógrafir [312-314] (sjá teikningu 3). Mógrafirnar og flest önnur mannvistarlög sem sást í sniðinu voru skorin af nútíma lagnaskurðum sem voru sameinaðir undir einu númeri. [302]. Lagnaskurðirnir náðu niður á klöpp á tveimur stöðum. Fyllingar mógrafanna [306], [307] og [308] voru mynduð úr torfinu sem skorið hafði verið ofan af gröfunum og áfoksmold (líkt sást í sniði 2, sjá [203], [204], [206] og [207]). Ofan við fyllingarnar var þétt áfokslag með ummerki um mannvist, helst torfsnepplum [303]=[304]=[305] að líkindum sama lag og [202] í sniði 2.



Mynd 4: Snið 3, mógrafir. Horft í suðaustur. Ljósmynd Stefán Ólafsson.

Framnesvegur 2024-07
 Snið 3 - Norðaustursnið
 Framnesvegur-Sólvallargata
 1:10
 HG/SÓ



Teikning 3: Snið 3 (kortagerð Jóhanna V. Guðmundsdóttir).

Snið 4


Snið 4 var í skurði sem lá eftir Framnesvegi í norðaustur frá gatnamótunum við Sólvallagötu. Það 3,7 m á lengd og 1,6 m á hæð (sjá mynd 5 og teikningu 4). Neðst í sniðinu var mýrarjarðvegur [412]. Mýrin/mórinn var sá sami og var greindur í sniðum 1-3 (sjá [309-311], [211] og [119]). Ofan í móinn mátti greina þrjár mógrafir [406], [408], [410] með tilheyrandi fyllingum [405], [407], [409]. Fyllingarnar eru rauðleitar torfur, flekkir af mó ásamt áfoksmold. Frá sama yfirborði og mógrafirnarvar grunn, hola [412] sennilega eftir trjárót, og því náttúruleg. Ofan við mógrafirnar/fyllingarnar var torfkennt lag [404] sem líklegast er uppmokstur frá því að mógrafirnar voru teknar. Yfir því var leirkennt lag [403] og þar fyrir ofan áfokslag með merki um mannvist, kolaflekki [402]. Jarðlögin í sniðinu voru skorin af lagnaskurðum sem sameinaðir voru undir einu númeri [413].

Engin gjóskulög voru sjáanleg í sniðinu en líklegt má teljast að mógrafirnar í sniði 4 séu samtíða þeim sem sjást í sniðum 1-3.



Mynd 5: Snið 4, mógrafir. Horft í suður. Ljósmynd Jóhanna V. Guðmundsdóttir

Framnesvegur 2024-07
Snið 4 - suðursnið
1:10
HG/JVG



Teikning 4: Snið 4 (kortagerð Jóhanna V. Guðmundsdóttir).

Snið 5

Snið 5 var á Framnesvegi, rétt austan við gatamótin við Hringbraut. Það var með stefnu í suðvestur-norðaustur og var um 8 m á lengd en 3 m á hæð (sjá mynd 6 og teikningu 5). Neðsta jarðlagið var mór/mýrarjarðvegur [504] áþekkur þeim sem sáust í sniði 1-4. Ofan í móinn mátti greina mógröf [503] sem hugsanlega hafa verið fleiri minni grafir en erfitt var að greina á milli einstakra grafa. Fylling þeirra var uppmokstur [502], áfoksmold og móflekki. Ofan við fyllinguna var ljósbrún, leirkennd mold [501] með einstaka torf- og kolaflekkjum en efstu tveir metrarnir af sniðinu voru nútímafylling (grús), sem ekki var hvorki teiknuð né fékk númer í rannsókninni. Engin gjóskulög fundust í sniði 5 en miðað við hversu vel jarðlögin ríma við fyrri snið (1-4) má ætla að mógrafirnar séu samtíða þeim gröfum sem þar sjást. Jarðvegurinn er mikið raskaður á þessum stað svo varðveisla mannvistarleifa var ekki eins góð og á öðrum svæðum.




Mynd 6: Snið 5 í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar. Mynd tekin í norður. Ljósmynd Stefán Ólafsson.

Framnesvegur 2024-07

Snið 5 - norðursnið

1:10

HG/JVG/SÓ



Teikning 5: Snið 5 (kortagerð Jóhanna V. Guðmundsdóttir).

Niðurstöður

Eftirlit og rannsóknir fornleifafræðinga á Framnesvegi austan Hringbrautar leiddu í ljós mógrafir, annars vegar í gatnamótum Framnesvegar og Sólvallagötu og hins vegar rétt austan við gatnamót Hringbrautar og Framnesvegar. Búið var að raska öllum jarðvegi á milli þessara tveggja svæða, en teljast verður líklegt að mór hafi verið tekinn á öllu svæðinu þar á milli.

Mór er lífrænn jarðvegur sem myndast í vatnssósa, súrefnissnauðu umhverfi sem hægir á rotnun. Hann var mikilvægur efniviður og hitagjafi í hér á landi um aldaskeið, líklega allt frá landnámi og fram á 20. öld. Mógrafir eru námur eða niðurgroftur ofan í mýrar sem gerður var í þeim tilgangi að afla mós sem síðar var þurrkaður og brenndur.¹⁹



Mynd 7. Kort frá Ohlesn og Aanum frá 1801 lagt yfir nútíma götukort. Eins og sjá má liggur túngarður Stóra-Sels eftir Framnesvegi (Anna Lís Guðmundsdóttir 2014, bls 3).

¹⁹ Birna Lárusdóttir, 2012, bls. 270

Magnús Sigurgeirsson gjóskulagafræðingur greindi gjóskulög sem sáust í sniðum og líkt og fram kemur í greinagerð hans (sjá viðauka 4), er ekki ljóst hvenær byrjað var að taka mó á þessum stað að öðru leyti en því en það var eftir að Miðaldalagið fell á 13. öld. Líklegast má hins vegar telja að mór hafi verið tekinn á staðnum á síðustu öldum.

Mógrafirnar eru aðeins tæpum 100 m frá bænum Stóraseli, en á korti frá 1801 má sjá að þá lá túngarður Stórasels á þessum slóðum (sjá mynd 7), eftir Framnesvegi (en engin ummerki fundust um garðinn við rannsóknina). Ólíklegt má telja að mógrafirnar hafi verið innan túnsins og því hægt að leiða líkur að því að þær séu eldri en túngarðurinn. Það er því hægt að segja að þessar mógrafir hafi verið gerðar einhvern tímann á tímabilinu 13.-18. öld.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru óvenjulegar, þar sem sjaldgæft er að finna jafn mikinn óraskaðan jarðveg undir götum í Reykjavík. Sniðin í mógrafirnar á Framnesvegi veita áhugaverða innsýn inn í landnýtingu á þessum slóðum og bæta við þekkingu á búskaparháttum á Reykjavíkurbjörðunum á fyrri öldum.

Heimildir

Anna Lís Guðmundsdóttir. 2014. *Fornleifaskráning Stórasels*. Skýrsla 169, Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Árni Magnússon, Páll Vídalín. 1923-1924. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu og Kjósarsýsla*. 3. bindi. Hið íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Birna Lárusdóttir. 2012. *Mannvist: Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Opna. Reykjavík.

DI II, DI III og DI IV: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Hildur Gestsdóttir. 2022. *Framkvæmdavöktun við Framnesveg*. FS913-22261. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Klemens Jónsson. 1929. *Saga Reykjavíkur*. Bindi I og II. Útg. Steindór Jónsson. Reykjavík.

Lísabet Guðmundsdóttir. 2017. *Fornleifaefirlit í Stóraseli, Reykjavík. Framkvæmdarannsókn*. FS644-15042.

Lísabet Guðmundsdóttir og Nikola Trbojević. 2016. *Fornleifauppgröftur í Stóra-seli, Reykjavík: Framkvæmdarannsókn*. FS608-15041. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

MÍ202302-0115/ 6.10. Umsögn Minjastofnunar. Dagsett 10. mars 2023.

Páll Líndal. 1988. *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum*. 3. bindi. Ritstj. Einar S. Arnalds. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík.

Sigfús Haukur Andrésson. 1988. *Verzlunarsaga Íslands 1774-1807. Upphaf friðhöndlunar og almenna bænaskráin. I. bindi*. Reykjavík, Verzlunarráð Íslands.

Þórir Stephensen. 1996. *Dómkirkjan í Reykjavík. Í iðu þjóllífs*. 2. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

Viðaukar

1. Einingaskrá

Eining	Snið	Tegund	Lýsing
101	Snið 1	D	Grús - yfirborð undir malbiki
102	Snið 1	F	Efsta fylling í framkvæmdaskurði [103]
103	Snið 1	C	20. aldar lagnaskurðir, sennilega nokkrir sem ekki er hægt að greina á milli, þ.m.t. fyrir vatnslögn Skurðurinn sker jarðlög [105, 106, 121, 117]
104	Snið 1	D	Þunnt viðarkolalag
105	Snið 1	D	Brúnleit mold með örliðu af kolum
106	Snið 1	D	Ljós mold, áfok. Einsleit með járnútfellingum áberandi, ekki greinileg mannvist
107	Snið 1	C	Nútímaskurður á efri hluta af gryfju 109/110 - sniðið hallar töluvert í suður
108	Snið 1	D	Mjög áþekkt 106, hugsanlega sama lag.
109	Snið 1	F	Fylling í gryfju [110]- lítið blandaður uppmokstur með flekkjum af lífræna laginu [119] sem og forsögulegri gjósku ásamt viðarkolaögnum
110	Snið 1	C	Mógröf, sker jarðlög [108, 111, 115, 122]
111	Snið 1	D	Ljós áfoksmold með járnútfellingum og gjósku
112	Snið 1	F	Fylling í mógröf [114] - torfur ofan í mógröf
113	Snið 1	D	Blandað uppmoksturslag - með forsögulegri gjósku, neðri fylling í mógröf [114]
114	Snið 1	C	Mógröf
115	Snið 1	F	Fylling í [116], blandaður uppmokstur - flekkir af [119] ásamt hvítum flekkjum
116	Snið 1	C	Niðurgroftur - mógröf. Gæti verið sama og [208].
117	Snið 1	D	Lagskiptur jarðvegur- grænleit gjóska (MS tók sýni).
118	Snið 1	D	Lífrænn jarðvegur, inniheldur greinar og gras.
119	Snið 1	D	Mjög áþekkt [118] en dekkra
120	Snið 1	D	Forsögulegur jökulruðningur
121	Snið 1	D	Líklega það sama og jarðlag [106]
122	Snið 1	D	Svört gjóska in - sjá skýrslu frá MS
201	Snið 2	D	Nútíma lagnaskurður, yfirborð undir malbiki
202	Snið 2	D	Jarðvegur, torfsneplar, lítið hreyft, jarðvegssuppsöfnun, leirkennt og þétt, millibrúnt, linsur.
203	Snið 2	F	Fylling í mógröfum, fokmold og gamalt yfirborð

Eining	Svæði	Tegund	Lýsing
204	Snið 2	D	Ljósbrún fokmold
205	Snið 2	C	Skurður - mógröf
206	Snið 2	D	Ljósbrúnt áfok, smávegis kolaflekkir
207	Snið 2	F	Blönduð fylling í mógröf - hnausar af yfirborði skorið ofan af mó
208	Snið 2	C	Skurður - mógröf
209	Snið 2	F	Fylling í mógröf, sama fylling og 207
210	Snið 2	C	Skurður - mógröf
211	Snið 2	D	Náttúrulegur mór
301	Snið 3	D	Sama og 201: Nútíma lagnaskurður, yfirborð undir malbiki
302	Snið 3	C	Lagnaskurður
303	Snið 3	D	Sama og 202: Jarðvegur, torfsneplar, lítið hreyft, jarðvegsuppsöfnun, leirkennt og þétt, millibrúnt, linsur.
304	Snið 3	F	Sama og 303: Fylling í mógröfum, áfok og gamalt yfirborð
305	Snið 3	F	Sama og 303: Fylling í mógröfum, áfok og gamalt yfirborð
306	Snið 3	F	Sama og 207: Blönduð fylling í mógröf - hnausar af yfirborði stungnir ofan af mó
307	Snið 3	F	Sama og 306
308	Snið 3	F	Sama og 306
309	Snið 3	D	Sama og 211: Náttúrulegur mór
310	Snið 3	D	Sama og 309/211: Náttúrulegur mór
311	Snið 3	D	Sama og 309/310/211: Náttúrulegur mór
312	Snið 3	C	Sama og 208: Skurður - mógröf
313	Snið 3	C	Sama og 312: Skurður - mógröf
314	Snið 3	C	Sama og 312: Skurður - mógröf
401	Snið 4	F	Möl undir malbiki og fyllingar í lagnaskurðum
402	Snið 4	D	Blandað mannvistarlag - ljósbrún leirkennd mold með smávegis kolaflekkjum, torfflekkjum, og járnútfellingum
403	Snið 4	D	Ljósbrún leirkennd mold - lítil merki um mannvist
404	Snið 4	D	Torfur, líklegast uppmokstur/torfur sem tengjast mógröfum (s.s. yfirborðsmold ofan af mótöku
405	Snið 4	F	Fylling í mógröf - torfur, rutt ofan í mógröf
406	Snið 4	C	Skurður mógröf
407	Snið 4	F	Fylling í mógröf - torfur sem rautt hefur verið ofan í
408	Snið 4	C	Skurður mógröf

Eining	Svæði	Tegund	Lýsing
409	Snið 4	F	Fylling í mógröf, torfur, rautt ofan í
410	Snið 4	C	Skurður, mógröf
411	Snið 4	C	Líklega far eftir rót/tré? Fylling = 404
501	Snið 5	D	Ljósbrún, leirkennd mold - einstaka kola og torfflekkir
502	Snið 5	D/F	Fylling í mógröfum
503	Snið 5	C	Skorið fyrir mógröfum, mögulega nokkrum
504	Snið 5	D	Náttúrulegur mór

2. Ljósmyndaskrá

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
DSC_0001	Snið 3	-	NA	Merki um mannvist í NA sniði við Sólvallagötu, sunnan við klóakskurð.
DSC_0002	Snið 3	-	NA	Merki um mannvist í NA sniði við Sólvallagötu, sunnan við klóakskurð.
DSC_0003	Snið 3	-	NA	Merki um mannvist í NA sniði við Sólvallagötu, sunnan við klóakskurð.
DSC_0004	Snið 3	-	NA	Merki um mannvist í NA sniði við Sólvallagötu, sunnan við klóakskurð.
DSC_0005	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0006	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0007	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0008	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0009	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0010	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0011	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0012	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0013	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0014	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0015	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0016	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0017	Snið 1	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0018	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu - myndir teknar N-S.
DSC_0019	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu - myndir teknar N-S.
DSC_0020	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu - myndir teknar N-S.
DSC_0021	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu - myndir teknar N-S.

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
DSC_0022	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu - myndir teknar N-S.
DSC_0023	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu - myndir teknar N-S.
DSC_0024	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu - myndir teknar N-S.
DSC_0025	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0026	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0027	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0028	Snið 3	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu.
DSC_0029		-	NA	Vinnumynd - gatnamót Framnesvegar og Sólvallagötu
DSC_0030	Snið 2	-	NA	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu – S-endi af sniði 2
DSC_0031	Snið 2	-	SA	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu – S-endi af sniði 2
DSC_0032	Snið 2	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu – S-endi af sniði 2
DSC_0033	Snið 2	-	A	Mógrafir í NA-sniði við Sólvallagötu – S-endi af sniði 2
DSC_0034		-	N	Vinnumynd - gatnamót Framnesvegar og Sólvallagötu
DSC_0035		-	N	Vinnumynd - gatnamót Framnesvegar og Sólvallagötu
DSC_0036	Snið 4	-	S	Sniði 4 - myndir teknar V-A
DSC_0037	Snið 4	-	S	Snið 4 - myndir teknar V-A
DSC_0038	Snið 4	-	S	Sniði 4 - myndir teknar V-A
DSC_0039	Snið 4	-	S	Snið 4 - myndir teknar V-A
DSC_0040	Snið 4	-	S	Sniði 4 - myndir teknar V-A
DSC_0041	Snið 4	-	S	Snið 4 - myndir teknar V-A
DSC_0042	Snið 4	-	S	Sniði 4 - myndir teknar V-A
DSC_0043	-	-	N	Mógrafir í sniði á móti sniði 4 - vinnumynd

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
DSC_0044	-	-	N	Mógrafir í sniði á móti sniði 4 - vinnumynd
DSC_0045	-	-	N	Mógrafir í sniði á móti sniði 4 - vinnumynd
DSC_0046	-	-	N	Mógrafir í sniði á móti sniði 4 - vinnumynd
DSC_0047	-	-	N	Mógrafir í sniði á móti sniði 4 - vinnumynd
DSC_0048	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0049	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0050	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0051	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0052	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0053	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0054	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0055	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0056	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0057	-	-	S	S-snið í skurði út FRV í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0058	-	-	S	S-snið í skurði út Framnesveg í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.
DSC_0059	-	-	S	S-snið í skurði út FRV í átt að Hringbraut - ekki teiknað en hreinsað. Allt hreyft og nútíma grúsk undir því sem líkist mógröfum.

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
DSC_0060	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0061	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0062	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0063	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0064	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0065	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0066	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0067	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0068	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0069	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0070	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0071	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0072	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0073	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0074	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0075	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0076	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0077	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0078	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0079	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
DSC_0080	Snið 5	-	N	Snið 5, norðaustursnið í enda skurðar á Framnesvegi við gatnamót Hringbrautar
IMG_4325	-	-	A	Vinnumynd - Framnesvegur, horft í átt að framkvæmdasvæði

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_4326	-	-	A	Vinnumynd - Framnesvegur, horft í átt að framkvæmdasvæði
IMG_4327	-	-	S	Vinnumynd - verið að opna svæðið. Horft inn Sólvallargötu
IMG_4328	-	-	SA	Vinnumynd - verið að opna svæðið. Mynd tekin á horni Sólvallargötu. Framnesvegur vinstra megin og Sólvallagata til hægri.
IMG_4329	-	-	SA	Vinnumynd - verið að opna svæðið. Mynd tekin á horni Sólvallargötu. Framnesvegur vinstra megin og Sólvallagata til hægri.
IMG_4330	-	-	V	Vinnumynd - snið 1, fyrir hreinsun.
IMG_4331	-	-	V	Vinnumynd - snið 1, fyrir hreinsun.
IMG_4332	-	-	V	Vinnumynd - snið 1, fyrir hreinsun.
IMG_4333	-	-	V	Vinnumynd - snið 1, fyrir hreinsun.
IMG_4334	-	-	NV	Vinnumynd - snið 1, fyrir hreinsun.
IMG_4346	-	-	V	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekin út Framnesveg í átt að Hringbraut.
IMG_4347	-	-	V	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekin út Framnesveg í átt að Hringbraut.
IMG_4348	-	-	V	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekin út Framnesveg í átt að Hringbraut.
IMG_4349	-	-	V	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekin út Framnesveg í átt að Hringbraut.
IMG_4350	-	-	N	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekinn inn Sólvallargötu í átt að sjónum.
IMG_4351	-	-	N	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekinn inn Sólvallargötu í átt að sjónum.
IMG_4352	-	-	N	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekinn inn Sólvallargötu í átt að sjónum.
IMG_4353	-	-	NA	Vinnumynd - Brunnur 1925, mynd tekin upp Framnesveg
IMG_4354	-	-	A	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, nærmynd
IMG_4355	-	-	SA	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, nærmynd
IMG_4356	-	-	SA	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, nærmynd
IMG_4357	-	-	SA	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, mynd tekin í átt að horni Sólvallargötu og Framnesvegar

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_4358	-	-	NA	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, nærmynd
IMG_4359	-	-	NA	Vinnumynd - Brunnur frá 1925, nærmynd
IMG_4360	Snið 3	-	-	Vinnumynd - Snið 3, nærmynd af skurði fyrir klóaklögn
IMG_4361	Snið 3	-	-	Vinnumynd - Snið 3, nærmynd af skurði fyrir klóaklögn
IMG_4362	-	-	V	Vinnumynd - mynd tekin út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_4363	-	-	V	Vinnumynd - mynd tekin út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_4364	-	-	SA	Vinnumynd - mynd yfir hluta af skurðinum eftir að brunnurinn var tekinn, í átt að horni Framnesvegar og Sólvallagötu
IMG_4365	-	-	A	Vinnumynd - mynd tekin niður í skurðinn og upp Framnesveg
IMG_4366	-	-	A	Vinnumynd - mynd tekin niður í skurðinn og upp Framnesveg
IMG_4369	-	-	S	Vinnumynd - Inn Sólvallagötuna
IMG_4371	-	-	A	Vinnumynd - Skurður fyrir klóaklögn upp Framnesveginn.
IMG_4376	-	-	A	Vinnumynd - Skurður fyrir klóaklögn upp Framnesveg
IMG_4378	-	-	A	Vinnumynd - Klóaklögn séð inn Framnesv.
IMG_4428	Snið 1	-	V	Vinnumynd - Snið 1 eftir hreinsun
IMG_4429	Snið 1	-	V	Vinnumynd - Snið 1 eftir hreinsun
IMG_4430	Snið 1	-	V	Vinnumynd - Snið 1 eftir hreinsun
IMG_4431	Snið 1	-	N	Vinnumynd - Snið 1, þegar verið var að teikna sniðið
IMG_4432	Snið 1	-	NV	Vinnumynd - Snið 1, þegar verið var að teikna sniðið
IMG_4433	Snið 1	-	NV	Vinnumynd - Snið 1, Hildur að teikna sniðið
IMG_4434	Snið 1	-	NV	Vinnumynd - Snið 1, Hildur að teikna sniðið
IMG_4435	Snið 1	-	NV	Vinnumynd - Snið 1, Hildur að teikna sniðið

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_4436	Snið 1	-	V	Vinnumynd - Snið 1, Hildur að teikna sniðið
IMG_4437	Snið 1	-	NV	Vinnumynd - Snið 1, Hildur að teikna sniðið
IMG_4438	Snið 1	-	N	Vinnumynd - Snið 1, þegar verið var að teikna sniðið
IMG_4439	Snið 1	-	N	Vinnumynd - Snið 1, þegar verið var að teikna sniðið
IMG_4440	Snið 1	-	SV	Vinnumynd - Snið 1, þegar verið var að teikna sniðið
IMG_4445	-	-	NV	Vinnumynd - Hóla grafin á gatnamótum Framnesvegur og Hringbrautar
IMG_4644	-	-	N	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði
IMG_4645	-	-	NA	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði
IMG_4646	-	-	N	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði
IMG_4655	-	-	NA	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði
IMG_4657	-	-	NA	Vinnumynd - Byrjað að grafa upp Framnesveginn
IMG_4668	-	-	S	Vinnumynd - Byrjað að grafa inn Sólvallagötuna
IMG_4674	-	-	N	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði
IMG_4678	-	-	SV	Vinnumynd - Byrjað að grafa inn Sólvallagötuna
IMG_4680	-	-	V	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði í átt að Hringbraut
IMG_4681	-	-	V	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði í átt að Hringbraut
IMG_4683	-	-	A	Vinnumynd - Verið að grafa upp Framnesveg
IMG_4685	-	-	A	Vinnumynd - Hluti af sniði 3
IMG_4686	-	-	NA	Vinnumynd - Verið að grafa upp Framnesveg
IMG_4687	-	-	-	Vinnumynd - Verið að grafa upp Framnesveg
IMG_4689	-	-	V	Vinnumynd - Horft út Framnesveginn í átt að Hringbraut
IMG_4690	-	-	S	Vinnumynd - Horft ofan í skurð sem gerður var upp Framnesveg

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_4691	-	-	S	Vinnumynd - Horft ofan í skurð sem gerður var upp FRV.
IMG_4693	-	-	S	Vinnumynd - Snið 4 eftir hreinsun
IMG_4694	-	-	S	Vinnumynd - Snið 4 eftir hreinsun
IMG_4695	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4696	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4697	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4698	-	-	NV	Vinnumynd - Sólveig tekur sýni í mýrarjarðvegi
IMG_4699	-	-	NV	Vinnumynd - Sólveig tekur sýni í mýrarjarðvegi
IMG_4700	-	-	NA	Vinnumynd - Sólveig tekur sýni í mýrarjarðvegi
IMG_4701	-	-	A	Vinnumynd - Sólveig tekur sýni í mýrarjarðvegi
IMG_4702	-	-	-	Vinnumynd - Sólveig tekur sýni í mýrarjarðvegi
IMG_4703	-	-	-	Vinnumynd - Sýni í mýrarjarðveg
IMG_4704	-	-	-	Vinnumynd - Sýni í mýrarjarðveg
IMG_4705	-	-	NA	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4706	-	-	NA	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4707	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4708	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4709	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4710	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4711	-	-	N	Vinnumynd - Sniðið (ekki teiknað) á móti sniði 4
IMG_4763	-	-	S	Vinnumynd - Verið að grafa inn Sólvallagötu
IMG_4765	-	-	S	Vinnumynd - Verið að grafa inn Sólvallagötu

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_4766	-	-	S	Vinnumynd - Verið að grafa inn Sólvallagötu
IMG_4767	-	-	S	Vinnumynd - Verið að grafa inn Sólvallagötu
IMG_4768	-	-	A	Vinnumynd - Skurður upp Framnesveg
IMG_4770	-	-	-	Vinnumynd - Merking fyrir sýni 1
IMG_4773	-	-	-	Vinnumynd - Snið (ekki teiknað) í skurði inn Sólvallagötuna
IMG_4774	-	-	-	Vinnumynd - Snið (ekki teiknað) í skurði inn Sólvallagötuna
IMG_4775	-	-	-	Vinnumynd - Snið (ekki teiknað) í skurði inn Sólvallagötuna
IMG_4919	-	-	N	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af vinnusvæði í átt að sjó/Sólvallagötu.
IMG_4920	-	-	NA	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af svæði, horn Sólvallargötu og Franesvegur
IMG_4921	-	-	SA	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af svæði, horn Sólvallargötu og Franesvegur
IMG_4922	-	-	SA	Vinnumynd - Verið að moka 1 m breiðan skurð eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4923	-	-	SA	Vinnumynd - Verið að moka 1 m breiðan skurð eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4924	-	-	A	Vinnumynd - Verið að moka 1 m breiðan skurð eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4925	-	-	A	Vinnumynd - Verið að moka 1 m breiðan skurð eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4926	-	-	-	Vinnumynd - Verið að moka 1 m breiðan skurð eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4928	-	-	-	Vinnumynd - snið í skurði sem þar sem mokað er út Framnesveg í átt að Hringbraut.
IMG_4930	-	-	NA	Vinnumynd - snið í skurði sem þar sem mokað er út Franesveg í átt að Hringbraut.
IMG_4931	-	-	NA	Vinnumynd - snið í skurði sem þar sem mokað er út Franesveg í átt að Hringbraut.
IMG_4932	-	-	NV	Vinnumynd – Framnesvegur í átt að Hringbraut.
IMG_4933	-	-	-	Vinnumynd - Verið að grafa 1 m breiðan skurð eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4934	-	-	-	Vinnumynd - Verið að grafa 1 m breiðan skurð eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_4936	-	-	NV	Vinnumynd - verið að grafa út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_4937	-	-	A	Vinnumynd - verið að halda áfram með 1m skurð upp Framnesveg fyrir kaldavatnlögn
IMG_4938	-	-	V	Vinnumynd - verið að grafa út Franesveg í átt að Hringbraut
IMG_4942	-	-	NA	Vinnumynd - Yfirlitsmynd af svæði, horn Sólvallargötu og Framnesveg
IMG_4943	-	-	N	Vinnumynd - verið að moka út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_4945	-	-	A	Vinnumynd - verið að halda áfram með ca 1m skurð upp Framnesveg fyrir kaldavatnlögn
IMG_4946	-	-	V	Vinnumynd - verið að grafa út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_4949	-	-	NA	Vinnumynd - verið að halda áfram með ca 1m skurð upp Framnesveg fyrir kaldavatnlögn
IMG_4950	-	-	NA	Vinnumynd - verið að halda áfram með ca 1m skurð upp Framnesveg fyrir kaldavatnlögn
IMG_4951	-	-	V	Vinnumynd - verið að moka út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_4955	-	-	N	Vinnumynd - skurður eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4957	-	-	N	Vinnumynd - snið (ekki teiknað) í skurði eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4958	-	-	N	Vinnumynd - snið (ekki teiknað) í skurði eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4960	-	-	N	Vinnumynd - snið (ekki teiknað) í skurði eftir kaldavatnlögn að Framnesvegi 46
IMG_4961	-	-	N	Vinnumynd - V-snið í skurði á Framnesveg, verið að grafa í átt að Hringbraut
IMG_4962	-	-	NV	Vinnumynd - skuður á Framnesvegi í átt að Hringbraut
IMG_4963	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að Hringbraut
IMG_4964	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að Hringbraut
IMG_4965	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að Hringbraut
IMG_4966	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að Hringbraut
IMG_4967	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að Hringbraut
IMG_4968	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að Hringbraut

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_4973	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að Hringbraut
IMG_4974	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_4975	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_4976	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_4977	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_4979	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_4980	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_4981	-	-	S	Vinnumynd - S-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_5010	-	-	NV	Vinnumynd - verið að moka út Framnesvegi í átt að Hringbraut
IMG_5011	-	-	NA	Vinnumynd- Horft upp Framnesvegi, skurðinn sem var verið að moka
IMG_5012	-	-	NV	Vinnumynd - verið að moka út Framnesvegi, í átt að Hringbraut
IMG_5041	-	-	S	Vinnumynd - V-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_5042	-	-	-	Vinnumynd - V-snið í skurði á Framnesvegi, verið að grafa í átt að hringbraut
IMG_5043	-	-	-	Vinnumynd - Unnið timbur og viðardrumbur í sniði. Líklega nýttur til þess að halda uppi gamalli kaldavatnslögn.
IMG_5044	-	-	-	Vinnumynd - Unnið timbur og viðardrumbur í sniði. Líklega nýttur til þess að halda uppi gamalli kaldavatnslögn.
IMG_5046	-	-	-	Vinnumynd - Unnið timbur og viðardrumbur í sniði. Líklega nýttur til þess að halda uppi gamalli kaldavatnslögn.
IMG_5049	-	-	-	Vinnumynd - Unnið timbur og viðardrumbur í sniði. Líklega nýttur til þess að halda uppi gamalli kaldavatnslögn.
IMG_5064	-	-	A	Vinnumynd- Horft upp Framnesveg, skurðinn sem var verið að moka
IMG_5065	-	-	N	Vinnumynd - verið að grafa út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_5066	-	-	N	Vinnumynd - verið að grafa út Framnesveg í átt að Hringbraut

Númer	Svæði	Eining	Átt	Lýsing
IMG_5149	-	-	NA	Vinnumynd-Horft upp Framnesveg frá Hringbraut
IMG_5150	-	-	V	Vinnumynd - Horft út Framnesveg í átt að Hringbraut
IMG_5154	Snið 5	-	N	Vinnumynd - Snið 5
IMG_5155	Snið 5	-	N	Vinnumynd - Snið 5
IMG_5156	Snið 5	-	N	Vinnumynd - Snið 5
IMG_5158	Snið 5	-	N	Vinnumynd - Snið 5
IMG_5160	Snið 5	-	N	Vinnumynd - Snið 5
IMG_5393	-	-	NV	Vinnumynd - Horft út Hringbraut í átt að sjó

3. Sýnaskrá

Númer	Svæði	Eining	Tegund	Lýsing
1	Snið 4	-	Jarvegssýni	Sýni tekið úr NV-Sniði í skurði. Tekið úr lífrænum dökkum jarðvegi.
2	Snið 1	Lausafundur	Viðarbútur	Grein, birki.

4. Gjóskulagagreining (Magnús Á. Sigurgeirsson).

Fornleifar á Framnesvegi, Reykjavík

Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netfang: mas@isor.is

Farin var vettvangsferð á Framnesveg þann 5. apríl, 2024. Athugunarstaðurinn var allmikil gryfja við gatnamót Framnesvegar og Sólvallagötu (við Vesturbæjarskóla). Unnið var að lagfæringum og endurbótum á lögnum undir veginum (mynd 1). Skoðað var í gryfjubakkana. Áhugaverðsta sniðið var í vesturbakka gryfjunnar þar sem sjá mátti óraskaðan jarðveg/mó og ummerki um mótekju.


GJÓSKULÖG Á REYKJANESSKAGA

Landnámslagið frá því um 880 e.Kr. er allskýrt á Reykjanesskaga. Lagið er tvílitt og fremur auðgreint. Vottur af Kötlugjósku frá því um 920 (Katla-R) finnst á Skaganum víðast hvar. Gjóskulagið Katla~1500 er allþykkt á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægt leiðarlag, en það finnst ekki vestan Krýsuvíkur. Kötlulögin er kolsvört á litinn.

Á fyrri hluta 13. aldar, í svonefndum Reykjaneseldum 1210-1240, gaus a.m.k. sex sinnum í sjó við Reykjanes samkvæmt frásögnum annála. Fjögur gjóskulög hafa verið tengd eldunum, nefnd R-7, R-8, R-9 (Miðaldalagið) og R-10 (mögulega frá 1231). Útbreiðsla tveggja fyrstnefndu laganna einskorðast við vesturhluta Reykjanesskaga, þ.e. vestan Grindavíkur, en hin tvö er hægt að rekja um stærra svæði. Miðaldalagið (R-9) er útbreiddast þessara laga og finnst m.a. á Þingvöllum og í lágsveitum Borgarfjarðar.

Samkvæmt útbreiðslukorti ætti lagið að vera allskýrt í Reykjavík. Austasti fundarstaður R-10 eru Bessastaðir á Álftanesi en lagið hefur aðeins fundist norðan til á Reykjanesskaga. Reykjaneslögin eru öll dökkgrá á litinn.

Þess má geta að á höfuðborgarsvæðinu er algengt að litaskil séu í jarðvegi við Landnámslagið, neðan þess er oft dökkur mór en ofar er ljósleitur fokjarðvegur. Talið hefur verið að þetta tengist jarðvegseyðingu í kjölfar landnáms norrænna manna á 9. öld. Hvað sem því líður hefur jarðvegseyðing/upplástur hafist um líkt leyti á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 1. Athugunarstaðurinn á mótum Framnesvegar og Sólvalldagötu (mynd frá map.is).

NIÐURSTÖÐUR

Í gryfjubökkunum, einkum vesturbakkanum, kom í ljós að neðarlega í þeim var dökkur mór með kvistum sem sloppið hafði við rask vegna framkvæmda fram að þessu. Mólagið sem enn er til staðar er allt að 75 cm þykkt (mynd 2). Greinileg merki eru um að stungið hafi verið ofan í móinn sem vafalaust tengist mósukurði/mótekju (mynd 3). Hafa því þarna verið mógrafir í eina tíð. Ekki

er hægt að segja til um hvenær það var með nákvæmni en líklega þó á síðustu öldum. Engin óhreifð gjóskulög eru yfir mógröfunum. Sjá má að ofan í gröfunum er mikið um hnausa úr ljósleitu efni, ekki mó, sem líklega er mestmegnis úr yfirborðslögum frá því að mótekjan fór fram. Líklega hefur þurft að moka/stinga burtu efsta lagi jarðvegsins, sem hefur verið úr ljósleitum fokjarðvegi (kallað ruðningur), til að komast í móinn undir. Honum hefur síðan verið rutt ofan í gryfjurnar til að loka þeim þegar þær voru fullnýttar. Í ruðningsefninu er smávegis um gjóskuslitrur en þó mjög lítið. Í einum hnaus eru tvö dökk gjóskulög með stuttu millibili áberandi, annað 1 cm þykkt og hitt 0,3 cm þykkt (mynd 3). Sýnaskoðun bendir til að hér sé um að ræða Miðaldalagið (R-9) og R-10. Áður var austasti fundarstaður R-10 á Álftanesi þannig að hér eru nýjar upplýsingar um útbreiðsluna. Önnur gjóskulög frá sögulegum tíma, s.s. Landnámslag og K~1500, fundust ekki í sniðinu. Eitt dökkt gjóskulag fannst efst í móstabbanum sem enn er varðveittur (mynd 2). Nánari skoðun á því bendir til að um sé að ræða gamalt gjóskulag frá Heklu, svokallaða Heklu-Ö sem er um 6000 ára gamalt og finnst um allt höfuðborgarsvæðið.



Mynd 2. Dökkur mór (við tommustokk) og grár leir með grjótdreif undir (neðan tommustokks). Efsti hluti mósins er litaður af mýrarauða. Þar fyrir ofan er seinni tíma fylling með grjóti. Blá ör bendir á gjóskulagið Heklu-Ö.



Mynd 3. Dökkur mór (til hægri neðarlega) sem greinilega hefur verið skorinn. Um 12 cm neðan við múrskeldina eru slitrur af Miðaldalaginu og R-10 ofan við það. Gjóskulögin hafa verið í ruðningslaginu en eru ekki á sýnum stað í sniðinu.

HELSTU STODRIT

Guðrún Larsen 2010. Katla: Tephrochronology and eruption history. The Mýrdalsjökull ice cap, Iceland. Glacial processes, sediments and landforms on an active volcano (ritstj. A.

Schomacker, J. Krüger and K.H. Kjær). Developements in Quaternary Sciences, 13.

Haflíði Haflíðason, Guðrún Larsen, Gunnar Ólafsson 1992. The sedimentation history of Thingvallavatn. Oikos 64: 80-95.

Kristján Eldjárn 1981. Leiruvogur og Þerneyjarsund. Staðfræðileg athugun. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1980, bls. 25-35.

Magnús Á. Sigurgeirsson 1992. Gjóskumyndanir á Reykjanesi. Meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands, 114 bls.

Magnús Á. Sigurgeirsson 1995. Miðaldalagið. Í: Eyjar í eldhafi. Afmælisrit helgað Jóni Jónssyni jarðfræðingi. Gott mál hf., s. 189-198.